

Veiðimálastofnunin ágúst 1976

Tumi Tómasson.

Athugun á Fnjóská 26-27/7 1976.

Dagana 26-27/7 1976 var gerð á vegum Veiðimálastofnunarinnar athugun á Fnjóská og Bakkaá. Megintilgangur athuganna var að kanna afkomu og vöxt laxaseiða sem sleppt var í Bakkaá, haustið 1975, þá sumaröldum.

Rannsóknargögn og aðferðir.

Veitt var með rafmagni fyrir neðan Veisusel. Þar var ætlunin að ákvarða veiðni tækisins með endurteknum veiðum. Þar sem veiðarnar hófust seint og gengu treglega var einungis hægt að veiða 2 umferðir, en það er ófullnægjandi og verður því að áætla veiðnina. Þá var veitt á 2 stöðum í Bakkaá, ein stöð var tekin rétt fyrir neðan ármót Timburvalladalsár og Hjaltadalsár og önnur ca 5 km neðar.


Sumarið 1975 rannsakaði Jón Kristjánsson fiskifræðingur Fnjóská. Verða niðurstöður hans ekki tíundaðar hér, en vísað til skýrslu sem hann hefur skrifað.

Rætt var við Lúter Gunnlaugsson á Veisuseli og var hann til leiðsagnar þegar áin var athuguð.

Niðurstöður og ályktanir.

Helstu niðurstöður eru birtar í töflu og súluriti. Í Bakkaá fékkst einungis 1 lax sem gæti verið áragnur seiðasleppingar frá því í fyrra. Hinir voru allir eldri, flestir 3+ þ.e. úr hrogni vorið 1973. Þetta sýnir að lax gengur langt fram í dal og hrygnir þar, þó ekki hafi veiðst þar lax. Tæplega er þar þó um mikinn fjölda að ræða. Þó lítið hafi nú fundist af sléppiseiðum er sjálf-sagt að halda áfram sleppingum í nokkur ár og kanna áraggur þeirra aftur síðar. Bakkaá er fremur næringarsnauð og harðbýl á og nauðsynlegt er að dreyfa seiðunum vel þegar sleppt^{er} og sleppa þeim helst þar sem botninn er gróinn.

Vaxtarlínurit hefur ekki verið gert, en ljóst er að vöxturinn er hægur. Má ætla að flest seiðin fari til sjávar sem gönguseiði eftir 5 - 6 vetur í ánni. Í öðrum laxám er algengt að seiðin verði gönguseiði eftir 3 - 4 vetur.



Lengdar- og aldursdreifing veiddra seiða í Fnjóská og Bakkaá.

Áberandi lítið fékkst af laxaseiðum 1+, þ.e. seiðum sem komu úr hrogni vorið 1975. Þar sem veitt var á fáum stöðum ber ekki að draga of stórar ályktanir af þessu, en víst er að sumarið í fyrra var mjög óhagstætt. Það er því líklegt að stór hluti klaksins hafi misfarist í ánni í fyrra.

Gönguseiðum er nú sleppt á hverju ári í Fnjóská. Við tilraunir í Elliðaánum hefur komið í ljós að gönguseiði sem hafa verið höfð í sleppitjörn við ána og fóðruð þar nokkurn tíma áður en þeim er sleppt frjálsum í ána, hafa skilað sér 2 - 3 sinnum betur en þau sem var sleppt beint í ána. Það má því stórbæta árangur gönguseiðasleppinga með þessari aðferð.

Hér að framan hefur nær eingöngu verið rætt um lax, en eins og sjá má í töflu fékkst einnig talsvert af bleikju. Sennilega er bleikja betur fallin til að vaxa upp í Fnjóská en laxinn, enda vaxtarhraði hennar mun meiri. Ekki er hægt að greina á milli seiða af sjóbleikju og staðbundinar bleikju. Ef sjóbleikja gengur ekki fram í Bakkaá, Timburvalladalsá og Hjaltadalsá mætti sleppa þar seiðum sjóbleikju og þannig auka sjóbleikjuveiði í ánni. Um lifnaðar hætti sjóbleikju er vísað til greinarinnar um sjóbleikju sem fylgir skýrslunni.

Tafla: Niðurstöður rafmangsveiða í Fnjóská og Bakkaá.

Staður	Vatnshiti	Stærð veiði- svæðis m ²	Fjöldi fiska lax bleikja urriði	Áætluð veiðni %	Fj. PF. 100 m	Ath.
Fnjóská/Veisusel	8,5	650	42	36	44	Veiddar 2 umferðir áætl. 20% veiðni í hvorri. Botn stórgrýttur og mosavaxin
Bakkaá/fyrir neðan Ármót Timburvalladals- ár og Hjaltadalsár	13,0	700	5	25	7	Stórgrýttur botn, víða mosi í botni.
Bakkaá ca 5 km neðan við ármótin	11,3	1000	7	25	17	Veitt við vesturbakkann, þar var áin stórgrýtt og mosavaxin. Bleikjan fékkst í lygnum við bakkann en laxinn í straumkantinum. Utar í ánni var grjót og mól í botni og hann gróðurlaus. Þar fékkst ekkert seiði.

Tafla: Niðurstöður rafmangsveiða í Fnjóská og Bakkaá.

Staður	Vatnshiti	Stærð veiði- svæðis m ²	Fjöldi fiska lax bleikja urriði	Áætluð veiðni %	Fj. P ₂ . 100 m	Ath.
Fnjóská/Veigusel	8,5	650	42	36	44	Veiddar 2 umferðir áætla. 20% veiðni í hvorri. Botn stórgrýttur og mosavaxinn.
Bakkaá/fyrir neðan Ármót Timburvalladals- ár og Hjaltadalsár	13,0	700	4	25	7	Stórgrýttur botn, víða mosi í botni.
Bakkaá ca 5 km neðan við ármótin	11,3	1000	7	25	17	Veitt við vesturbakkann, þar var áin stórgrýtt og mosavaxin. Bleikjan fékkst í lygnum við bakkann en laxinn í straumkantinum. Utar í ánni var grjót og mül í botni og hann gróðurlaus. Þar fékkst ekkert seiði.